

45. fundur stjórnar Skálholts,  
haldinn í Skálholtsskóla miðvikudaginn 15. apríl 2009 kl. 10:00

Mætt voru: Sigurður Sigurðarson, Jóhann E. Björnsson, Kristján Björnsson, Kristinn Ólason og Hólmfríður Ingólfssdóttir.

Sigurður setti fund.

1. Fundargerðir nr. 43 og 44. Samþykktar.

2. Organistamál.

Ákveðið hefur verið að ráða Jón Bjarnason organista, úr hópi umsækjenda, í starf organista í Skálholti.

Farið yfir og rætt um starfslýsingu nýs organista.

Kl. 11:00 mætti Jón Bjarnason til fundarins. Honum var kynnt starfslýsingin og um hana rætt. Einnig rætt um erindisbréf og kjarasamning.

Skýrt tekið fram að öll aukastörf verði unnin í samáði við stjórnina.

Skrifstofuaðstaða fyrir organista verður útbúin í kjallara embættisbústaðar.

Jóhannætlar að ræða við stjórn FÍH varðandi kjaramálin.

Gert ráð fyrir að ráðningasamningurinn gildi frá 1. júlí 2009.

Jón yfirgaf fundinn.

3. Fjármál.

Lagt fram yfirlit um stöðuna 31.03.2009.

Ósk um breytingu á uppsetningu m.a. að hægt sé að sjá tölur síðasta árs til viðmiðunar.

Næsti fundur stjórnar verður 13. maí 2009.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 14:30.

Hólmfríður Ingólfssdóttir